Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2814
komudagur 6.9.2001

*Alþingi-Iðnaðarnefnd.*
*Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari.*
*Nefndarsvið.*
*Austurstræti 8-10.*
*150 Reykjavík.*

**FJARÐABYGGÐ**

*Fjarðabyggð 31.08.2001.*

**Efni: Umsögn um frumvarp til raforkulaga.**

Rafveita Reyðarfjarðar gerir eftirfarandi umsögn um frumvarp til raforkulaga: Rafveita Reyðarfjarðar hefur rekið 200 kw (0,2 mw) vatnsaflsvirkjun í Búðará í sjötíu ár. Reksturinn hefur verið áfallalaus og hagkvæmur með dreifikerfi rafveitunnar. Í frumvarpi til nýrra raforkulaga er lagt til að raforkuframleiðsla verði aðskilinn frá rekstri dreifikerfisins með því að stofna um hana sérstakt fyrirtæki. Nokkur óvissa er um það hvernig frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstri smávirkjana verði háttað. Ekki verður séð að smávirkjanir hafi mikil áhrif á samkeppni í raforkuframleiðslu og vill undirritaður því leggja til við hæstvirta iðnaðarnefnd að smávirkjanir fái sérstaka meðhöndlun í frumvarpinu, svo sem með rekstri dreifikerfa með aðskildu bókhaldi frá frameiðslunni.

Virðingarfyllst.

Sigfús Guðlaugsson, rafveitustjóri Rafveitu Reyðarfjarðar


• Afgreiðslustaðir

Búðareyri 7
730 Reyðarfjörður
Sími: 470 9000
Bréfsími: 470 1438

Strandgötu 49
735 Eskifjörður
Sími: 470 9000
Bréfsími: 476 1173

Egilsbraut 1
740 Neskaupstaður
Sími: 470 9000
Bréfsími: 477 1771